

1. Það sem gera þarf þegar þú ákveður að opna almenn námskeið fyrir fötluðu fólki

a. Skoðaðu grundvallarforsendur námskeiðanna sem eru í boði:

- **Markhópur: Til hvaða hóps fatlaðra viltu ná?**

Hvaða forsendur á þátttakandi að uppfylla? (t.d. eiga fatlaðir þátttakendur að vera færir um að læra jafn hratt og aðrir fái þeir nauðsynlega aðlögun, eiga fatlaðir þátttakendur að vera færir um að lesa eða skrifa, fái þeir hæfilega tæknilega aðstoð, þurfa þeir að hafa tiltekna verkfærni sem nauðsynleg er fyrir þetta nám?).

Líkamleg færni – Hugræn færni – Tjáskipti – Félagsleg færni

Vinnu-/námsleg færni (dæmi: lestur eða fínhreyfingar)

Þörf fyrir hjálpartæki – aðstoð – túlk – jafningjastuðning.

Er þörf fyrir sérstakt mat við inntöku?

- **Kennslustaðurinn – Er staðurinn og húsnæðið aðgengilegt öllum?**

Dyr og þröskuldar, lyfta, snyrtingar, annar búnaður, ljós-/hljóðvist.

- **Auglýsingar /kynning og skráning – eru leiðirnar sem stofnunin notar aðgengilegar öllum?**

Upplýsingar um námskeið á aðgengilegum stöðum. Er umsóknarferlið aðgengilegt fyrir alla?.

b. Skoðaðu innihald og tilgang hvers námskeiðs sem á að vera aðgengilegt öllum:

- **Er þörf á að breyta tilgangi eða markmiðum námsins**

eða eiga að vera sérstakar kröfur varðandi árangur fatlaðra nemenda?

Fá fatlaðir nemendur sömu réttindi og aðrir nemendur, sýni þeir árangur innan almennra viðmiðunarmarka?

Fá fatlaðir þátttakendur takmörkuð réttindi samsvarandi árangri ef kröfur til þeirra eru minni en til annarra þátttakenda?

- **Er innihaldið við hæfi allra þátttakenda?**

Hvaða almennu námskeið geta mætt óskum og þörfum markhópsins og er hægt að aðlaga án þess að hafa óæskileg áhrif á nám annarra þátttakenda?

Hvaða námskeið á að gera að sérstökum tilboðum fyrir fatlað fólk og hvers vegna?

Tilgangur eða innihald sérhæft fyrir markhópinn?

Umfangsmikil aðlögun innihalds?

Umfangsmikil aðlögun kennsluáðstæðna eða kennsluáðferða?

Umfangsmikil og sérstök þörf fyrir stuðning?

Hafðu í huga að jafnvel þótt nám fyrir fólk með miklar og flóknar fatlanir fari fram á sérstökum námskeiðum, getur það hentað að deila húsnæði og

félagslegri aðstöðu með annarri símenntun. Staðsetningin getur aukið á félagslega þátttöku, þótt sjálfst námstilboðið sé sérstakt.

Sértu í vafa hvort eða hvernig aðlaga megi námskeið til að það nái einnig til tiltekins hóps fatlaðs fólks er gott að leita til :

Samtaka fatlaðs fólks, réttindabaráttuhópa, rýnihópa fatlaðs fólks eða talsmanna þess.

Kennara/fagfólks/félagspjónustu við fatlað fólk

Símenntunarstöðva sem hafa reynslu af því að halda námskeið fyrir fatlað fólk

Annarra með þekkingu á þessu sviði